

Þjónustu- og nýsköpunarsvið
Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 16. júní 2020
R20050086

V.t.
Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14,
105 Reykjavík

Útboð nr. 14869 Microsoft Campus leyfi

Þann 16. júní 2020 voru opnuð tilboð í útboð nr. 14869 „Microsoft Campus leyfi“. Útboðið fór fram á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og bárust tvö tilboð frá einum aðila.

Tilboðin sem bárust eru þessi:

1. Crayon Iceland með tilboð í EUR
2. Crayon Iceland með tilboð í NOK

Lægsta gilda tilboð var frá Crayon Iceland ehf, 6.802.680,- NOK án vsk. (um 117 mkr. m.vsk. á 3 árum eða um 39 mkr. á ári)


Um er að ræða svokölluð Campus 3 leiguleyfi fyrir 6.420 notendur í “skólaumhverfi” Reykjavíkurborgar. (Önnur leyfi eru notuð fyrir skrifstofuumhverfi Reykjavíkur)

Gildistími samnings er þrjú ár frá 1. júlí 2020.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð lægst bjóðanda m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að lægst bjóðandi, Crayon Iceland ehf, uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Crayon Iceland ehf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Upplýsingatækniþjónusta leggur til að gengið verði að tilboði á gengi NOK frá Crayon Iceland ehf, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er jafnframt lægsta gilda tilboðið.

F.h. Upplýsingatækniþjónusta (UTR)


Helga S. Kristjánsdóttir,
SAM& innkaupastjórn í UTR